

Ákvörðun nr. 40/2025
Miðvikudagurinn, 10. desember 2025

Kaup Ó. Johnson & Kaaber – Ísam ehf. á hluta birgjasambanda Artasan ehf.

I. Málsmeðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Ó. Johnson & Kaaber – Ísam ehf. (hér eftir ÓJK-ÍSAM) á hluta birgjasambanda Artasan ehf. (hér eftir Artasan). Í samrunanum felst að ÓJK-ÍSAM eignast tiltekin viðskiptasambönd Artasan sem varða innflutning og dreifingu á tiltekinni matvöru og sérvöru, ásamt rekstri og eignum því tengdu.
2. Þann 7. nóvember 2025 bárust Samkeppniseftirlitinu drög að samrunatilkynningu vegna samrunans. Eftir skoðun á drögunum sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum athugasemdir við drögin 17. nóvember 2025. Í kjölfarið barst fullbúin styttri tilkynning vegna samrunans ásamt fylgigögnum þann 19. nóvember 2025, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Nánar tiltekið var það mat samrunaaðila að samanlögð hlutdeild þeirra á mörkuðum málsins væri undir 20% og því heimilt að tilkynna um samrunann með styttri tilkynningu.
3. Með tölvupósti, dags. 20. nóvember 2025, var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunatilkynning þeirra teldist fullnægjandi í skilningi ákvæðis 17. gr. a samkeppnislaga. Frestir til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglna nr. 1390/2020, byrjuðu því að líða þann 20. nóvember 2025. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrirleggjandi gagna, auk þess sem eftirlitið leitaði sjónarmiða hjá hagsmunaaðilum.

II. Samruninn

4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í kaupum ÓJK-ÍSAM á tilteknum rekstri og viðskiptasamböndum Artasan felst tilkynningarskyldur samruni í skilningi ákvæða samkeppnislaga enda veltumörkum náð.
5. Í samrunaskrá segir að ÓJK-ÍSAM flytji inn og dreifi fjölbreyttu úrvali af dagvöru, kaffi, snyrti- og hreinlætisvörum, auk sérvöru, s.s. golfvörum. Ítarlega hafi verið fjallað um ÓJK-ÍSAM og þá markaði sem félagið starfar á í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2021, *Samruni ÍSAM ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf.*



6. Þá segir að Artasan flytji inn og annist skráningu, markaðssetningu og heildsölu á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og ýmsum heilsuvörum í samvinnu við erlenda birgja. Fjallað hafi verið um Artasan í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, sbr. t.d. ákvörðun nr. 29/2017, *Kaup Artasan ehf. (Veritas Capital ehf.) á rekstri IceCare ehf.*, og ákvörðun nr. 15/2023, *Samruni Artasan ehf. og Matar og pökkunar ehf.* Tekið er fram að samruninn varði aðeins afmarkaðan hluta starfsemi Artasan, en viðskiptin taka að mestu til þeirrar starfsemi Matar og pökkunar ehf. sem fjallað var um í fyrrnefndri ákvörðun nr. 15/2023.
7. ÓJK-ÍSAM er í 100% eigu Eyjabergs ehf. sem er eignarhaldsfélag þar sem einu fjárfestingar þess eru allir eignarhlutir í félaginu ÓJK-ÍSAM sem félagið eignaðist í árslok 2021. Eyjaberg ehf. er í 50% eigu Myllunar-Ora ehf. og 50% eigu Esjubergs ehf.
8. Esjuberg ehf. er eignarhaldsfélag sem hefur það meginhlutverk að eiga eignarhluti í félögum. Esjuberg er auk ÓJK-ÍSAM jafnframt eigandi félaganna Búbótar ehf., Sælkeradreifingar ehf., Kaffitárs ehf. og Kaffihús Kaffitárs ehf.
9. Esjuberg er að endingu í eigu Johnson fjölskyldunnar en skráðir raunverulegir eigendur félagsins eru Ólafur Ó. Johnson og Helga Guðrún Johnson.
10. Myllan-Ora ehf. er í 100% eigu Kristins ehf. sem er eignarhaldsfélag og eru engir starfsmenn starfandi hjá því. Helsta starfsemi dóttur- og hlutdeildarféлага Kristins er fasteignarekstur, heildsala og iðnaður. Stærsti eigandi Kristins er Guðbjörg M. Matthíasdóttir, sem jafnframt er eini skráði raunverulegi eigandi félagsins.
11. Kristinn er eigandi beins eða óbeins eignarhluta í ýmsum öðrum dóttur- eða hlutdeildarfélögum, þ.a.m. Korputorg ehf. (100%), Eignarhaldsfélagið Fastus ehf. (100%) og PPH ehf. (34,74%) sem er rekstraraðili Dominos.
12. Guðbjörg M. Matthíasdóttir á einnig hlut í Fram ehf. og Ísfélagi hf., en bæði félögin eiga beina og óbeina eignarhluti í öðrum félögum sem starfa á ótengdum mörkuðum, s.s. Árvakri hf. rekstraraðila Morgunblaðsins o.fl. fjölmiðla.
13. Nánar er fjallað um starfsemi samrunaaðila hér á eftir.

III. Markaðir málsins

14. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurður áfryjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
15. Samrunaaðilar telja markað málsins vera heildarmarkað fyrir heildsölu og dreifingu á dagvörum, ásamt hinum ýmsu undirmörkuðum aðfangamarkaðar, sbr. t.a.m. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2023, *Samruni Artasan ehf. og Matar og pökkunar ehf.* Sjá einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 36/2021, *Samruni ÍSAM ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf.*, þar sem Samkeppniseftirlitið féllst á að fullnægjandi væri að líta svo á að samrunaaðilar störfuðu á heildarmarkaði fyrir framleiðslu og/eða innflutning og heildsölu



og dreifingu á dagvörum í víðum skilningi. Samkeppniseftirlitið benti hins vegar á að þessi markaður væri afar fjölbreyttur og mögulegt gæti verið að skilgreina hvern vöruflokk sem sérstakan markað þar sem staðganga á milli vöruflokka væri almennt lítil eða takmörkuð.

16. Samrunaaðilar telja að áhrif samrunans séu afar takmörkuð. Þó starfsemi beggja samrunaaðila snúi að innflutningi og heildsölu á dagvöru í víðum skilningi, þ.e. mat- og drykkjarvörum og hreinlætis- og snyrtivörum auk óvaranlegra heimilisvara, sé ljóst að skörun í vöruúrvali samrunaaðila er óveruleg.
17. Starfsemi Artasan sem samruninn tekur til snýr að innflutningi og heildsölu einkum á eftirfarandi vörum:
 - Ósætt (salt) snakk
 - Blandað sælgæti og súkkulaði
 - Kökur
 - Hrökkbrauð og kex
 - Heilsuvörur - t.d. próteinstangir og vítamín
 - Íþrótt- og orkudrykkir
 - Morgunkornstangir
 - Fótboltaspjöld, leikföng o.fl.
 - Tilbúnir pasta- og núðluréttir
18. Með hliðsjón af framangreindu er það mat samrunaaðila að áhrifa samrunans muni helst gæta í eftirfarandi vöruflokkum; ósætu (söltu) snakki, blönduðu sælgæti og súkkulaði, kökum, hrökkbrauði og kexi, heilsuvörum, íþrótt- og orkudrykkjum, og tilbúnir pasta- og núðluréttir, en þó að óverulega leyti, enda heildarvelta hinnar seldu starfsemi takmörkuð.
19. Varðandi skilgreiningu landfræðilegs markaðar málsins telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland.
20. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, þótt ekki þurfi að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli, hvorki er varðar vörumarkað málsins né landfræðilega markaði í ljósi niðurstöðu þess og takmarkaðra áhrifa.

Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins.
21. Í samrunaskrá fjalla samrunaaðilar um stöðu fyrirtækjanna og keppinauta þeirra á mörkuðum málsins. Við það mat líta þeir m.a. til eigin gagna og lykiltalna frá greiningaraðila um matvörumarkaðinn.
22. Það er mat samrunaaðila að áhrif samrunans á heildarmarkað fyrir heildsölu á dagvörum séu takmörkuð enda velta hins keypta afar takmörkuð í samhengi við stærð markaðarins og sterka stöðu annarra keppinauta.



23. Varðandi mögulega undirmarkaði þar sem skörun er á milli samrunaaðila er það jafnframt mat samrunaaðila að ekki sé tilefni til íhlutunar vegna samrunans af hálfu samkeppnisyfirvalda:
- Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á ósætu snakki sé á bilinu [0-5]%
 - Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á sælgæti og súkkulaði vart mælanleg
 - Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á kökum sé vart mælanleg
 - Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á annarri brauðvöru sé á bilinu [5-10]% en hlutdeild í undirflokknum hrökkbrauð sé á bilinu [15-20]%.
ÓJK-ÍSAM í þessum flokki afar lítil.
 - Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á heilsuvörum sé á bilinu [0-5]% og velta ÓJK-ÍSAM í þessum flokki afar lítil.
 - Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á íþrótta- og orkudrykkjum sé vart mælanleg.
 - Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og heildsölu á tilbúnum pasta- og/eða núðluröttum sé vart mælanleg.

IV. Niðurstaða

24. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
25. Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa á sama markaði, þ.e. á markaði fyrir innflutningi og heildsölu á dagvörum, og er því bein lárétt skörun í starfsemi þeirra. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila á markaði málsins er takmörkuð og undir [0-10]%, miðað við framkomnar upplýsingar, á þeim sviðum þar sem skörun er í starfsemi þeirra.
26. Samkeppniseftirlitið leitaði jafnframt eftir sjónarmiðum frá helstu hagsmunaaðilum með tölvupóstum, dags. 20. nóvember 2025. Bárust engar neikvæðar umsagnir vegna samrunans.
27. Að mati Samkeppniseftirlitsins er rétt að geta þess að fjallað var um þann samruna sem leiddi til stofnunar sameiginlega verkefnisins (e. *Joint venture*) ÓJK-ÍSAM í ákvörðun nr. 36/2021, *Samruni ÍSAM ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf.* Með ákvörðuninni voru samrunanum sett tiltekin skilyrði sem lutu m.a. að því að tryggja sjálfstæði ÓJK-ÍSAM gagnvart Myllunni-Ora með m.a. stjórnunar og rekstrarlegan aðskilnað á milli félaganna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tengsl á milli fyrirtækjanna sem raskað gætu samkeppni þar sem báðir aðilar sinntu framleiðslu og/eða innflutningi og dreifingu á sætabrauði og kökum auk þess að Myllan-Ora myndi starfa sjálfstætt óháð ÓJK-ÍSAM við framleiðslu og dreifingu á brauðum sem er nátengdur markaður.
28. Þessi skilyrði og aðskilnaður á milli ÓJK-ÍSAM, Myllunnar og annarra tengdra fyrirtækja eru mikilvæg forsenda samþykkis þessa samruna og afar mikilvægt er að ÓJK-ÍSAM og eigendur þess virði þau skilyrði sem sett voru með ákvörðun nr. 36/2021.



29. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar eru að mati Samkeppniseftirlitsins engar vísbendingar um að markaðsráðandi staða verði til með samrunanum. Þá eru ekki heldur vísabendingar um að samruninn komi til með að raska samkeppni með umtalsverðum hætti að öðru leyti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa rannsóknar.

V. Ákvörðunarorð

„Kaup Ó. Johnson & Kaaber – Ísam ehf. á hluta birgjasambanda Artasan ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson